


LAXÁ Í REFASVEIT 1991

Tumi Tómasson

Hólum, september 1991

VMST-N/91010X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

LAXÁ Í REFASVEIT 1991

Tumi Tómasson

Hólum, september 1991

VMST-N/91010X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Í REFASVEIT 1991

INNGANGUR

Seiðastofnar Laxár voru kannaðir 27. ágúst og var líkt staðið að þessari athugun og á undanförunum árum. Alls var rafveitt á 10 stöðum að þessu sinni. Aðstæður til rafveiða voru samilegar, en frekar mikið vatn var í ánni, einkum á neðri stöðunum.

NIÐURSTÖÐUR OG ATHUGANIR

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og Mynd 2. Vorgömul seiði fundust í Laxá allt fram að Skrapatungu og einnig neðst í Norðurá, skammt fyrir framan ármótin. Þessi seiði eru óvenju stór og vel á sig komin, og endurspeglar þetta vel það góðari sem er nú í ánni vegna hagstæðs tíðarfars.

Á neðsta veiðistaðnum, við Krumma, fengust mörg 1+ seiði, en ofar í ánni er lítið um slík seiði. Ekki er þó alveg hægt að fullyrða um styrkleika þessa árgangs, því hann rennur saman við vorgömul sleppiseiði. Mér sýnist þó að uppistaðan af seiðum 6-9 cm frá neðst í Norðurá og niður fyrir Þjóðvegsbrú (staðir 17, 8 og 9) séu úr sleppingunum í vor og virðast þær því hafa gengið vel og full þörf verið á þeim. Þéttleiki 2+ seiða er einnig mjög lítill, þannig að náttúruklak hefur skilað tiltölulega litlu nema neðst í ánni vorin 1989 og 1990. Þessi vor voru bæði mjög seín og köld og svo virðist sem það sé fyrst og fremst tíðarfar árinna sem ráði mestu um útbreiðslu seiðaárganga, en einnig gæti laxinn verið tregur til að ganga fram ána vegna þess hve lítil hún verður þegar framar dregur.

Í síðustu athugun veiddist mikið af 2+ og 3+ seiðum. Í vor hafa nær öll 3+ seiðin og einhver hluti 2+ seiðanna (þá sem 4+ og 3+) gengið til sjávar og bendir allt til að gönguseiðaframleiðsla hafi verið ágæt því auk góðra forsendna vegna seiðabúskapar var vorið og sumarið með eindæmum gott.

Þetta góðæri sést einnig í mjög góðum vexti seiða s.l. sumar og óvenju miklu magni af stórum laxaseiðum, seiðum sem fara út næsta vor. Að öllu óbreyttu ætti seiðagangan úr ánni þá að verða með allra besta móti.

Mér sýnist sem árgangur vorgamalla seiða sé það stór nú að góðar líkur séu á að sá árgangur muni dreifast eitthvað fram Norðurána og Laxána. Þó er ósennilegt að hann muni að einhverju leiti ná fram í Núpshólana. Þar ætti því að sleppa smáseiðum næsta vor. Einnig væri gott að sleppa seiðum í Norðurá fyrir framan þverá, en þar virðist ekki hafa verið sleppt í sumar.


Þótt ástand seiða væri almennt mjög gott má merkja óæskilegra áhrifa vegna mikils þéttleika seiða neðst í Laxá. Seiðin þar eru tiltölulega smá. Vorgömul seiði eru minnst þar, öfugt við það sem búast mætti við ef fæða væri ekki takmarkandi. Stærri seiðin voru einnig frekar misholda, sem er einnig einkenni um harðnandi samkeppni. Á þessu svæði sem við gerum ráð fyrir að veiðistaðurinn við Krumma sé einkennandi fyrir, þ.e. frá ósi og fram að laxastiga, þyrfti helst að reyna að takmarka hrygningu nú í haust og líklega einnig næstu árin gangi spár um verulega aukna laxgengd eftir.

Ekki er gert ráð fyrir að kanna seiðastofn Laxár á næsta ári. Hvernig best sé að haga ræktunarstarfinu fer mikið eftir laxgengd og tíðarfari. Ég tel þó öruggast að sleppa aftur seiðum á svæðið í Núpshólunum 1993, svo fremi sem sleppiseiðin 1992 verði væn og sumarið ekki því verra. Ég tel ekki vert að sleppa á aðra staði það ár, því of mikill ásetningur seiða er síst betri kostur en seiðaskortur í Laxá.

Tafla 1.

Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m² í Laxá í Refasveit 27. ágúst 1991


Stöð nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²					
		0+	0+ss	1+	2+	3+	4+
5	40x12	-	-	3.5	4.2	-	-
5b	40x12	-	-	-	1.3	3.5	-
6	30x15	-	-	-	1.3	4.4	0.2
7	30x12	7.2	-	-	1.1	0.6	-
8	60x15	4.7	1.0	-	-	1.7	-
9	40x8	3.4	2.8	-	0.3	2.5	-
12	30x15	4.4	-	8.0	0.7	2.9	-
14	60x7	-	-	-	3.3	-	-
15b	40x7	-	-	3.2	1.0	1.8	-
17	40x12	1.7	2.9	-	0.8	2.1	1.3



Mynd 1.

Rafveiðistaðir í Laxá í Refasveit.

FJÖLDI



Mynd 2.

Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit 27. ágúst 1991.